



Guttormur Erlendsson

Bjarni Benediktsson – Guttormur Erlendsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnámálamaðurinn

Askja 2-7, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. sept. 1945.

Háttvirtí herra!

Ég leyfi mér fyrst og fremst að óska yður til hamingju með nýverið sextugs afmæli yðar og vona, að yður og yðar fólki vegni vel.

Í tilefni bréfs yðar dags. 19. ág. s.l. hefi ég beið lögfræðing þann, Guttorm hæstaréttarlögmann Erlendsson, sem ég á sínum tíma bað um að taka að sér málið yðar vegna, þar sem sjálfur vildi ég ekki sinna slíkum störfum, að semja skýrslu um afskifti sín af málinu. Sendi ég hana hér með, ásamt afriti skifta-gerðarinnar. Við peningunum tók ég og liggja þeir ósnertir í sparisjóðsbók við Búnaðarbankann nr. 11592, a.ö.l. en því, að ég greiddi nefndum lögfræðingi 400,- kr. fyrir ómak hans, borgaði 180,99 kr. í erfðafjárskatt og sendi yður 1000,- kr. danskar skv. beiðni yðar. Fylgir afrit kvittana fyrir hvorutveggju hið síðartalda. Innstæða í bókinni nú er því með vöxtum 6490,83 kr.

Segja má, að ég hefði fyrr átt að senda yður þessa skýrslu. En bæði var, að ég hugði skv. beiðni yðar um peningasendingu 1941, að yður væri ljóst, að arfshluti yðar væri í mínum vörslum, því að ekkert annað fé yðar vegna hafði ég en hann, og að ég aldrei fékk boðin í gegnum utanríkisráðuneytið, sem þér segði send 18. jan. s.l. Af þessum sökum beið ég rólegur yðar fyrirmæla. Enda hefir gengi danskrar krónu ekki verið ákveðið fyrr en nú fyrir 2 - 3 dögum, og því mjög örðugt um yfirfærslur.

Ég sé af bréfi yðar, að yður mislíkar sala

fasteignarinnar. Er það að vísu skiljanlegt eftir því, sem verðlag hefir breyst hér. En þá breytingu sá hvorki ég né aðrir fyrir sumarið 1940. Í búinu var engin önnur eign og ef átti að ná föðurarfi yðar var því ekki annað ráð en koma henni í peninga. Var og ljóst, að eignin var í bráðri hættu, eins og horfði 1939 - 1940, ef ekki var aðgert. Taldi ég mig því vera að framkvæma bein fyrirmæli yðar, þegar ég samþykkti söluna. Á hinu er ekki vafi, að ég hafði til þess fult lagalegt umboð af yðar hálfu, sbr. einkum bréf yðar til mín dags. 20. okt. 1939. Má ekki rugla saman þeim skilyrðum, sem þér settuð fyrir áframhaldandi setu í óskiftu búi, og aðgerðum mínum til að bjarga eign yðar í búinu og þessvegna skv. fyrirmælum yðar að fá því skift. Hið þinglýsta bann yðar gegn sölu og lántöku hafði vitanlega ekki gildi gagnvart mér sem fullgildum umboðsmanni yðar. Hvort mögulegt hefði verið sumarið og haustið 1940 að koma boðum til yðar og leita yðar samþykkis, skal ég nú eigi dæma um. Tel það þó ákaflega ósennilegt, enda var ég með samþykki á sölunni ekki að gera annað en það, sem þér höfðuð beðið mig um og mér og öðrum þá sýndist rétt og skynsamlegt.

Hinu þarf ekki að lýsa, að mér fellur mjög miður, ef þér eruð nú óánægður með gerðir mínar. Skil þó ekki annað en þér sjáið, þegar málið er skýrt, að ég hefi gert það eitt, sem ég taldi eftir bestu vitund vera rétt. Til að fyrirbyggja tortrygni skal ég taka fram, að ég átti sem borgarstjóri engan þátt í kaupum hafnarinnar á eigninni. Þau kaup voru fram farin áður en ég varð borgarstjóri og kom nærri hafnarinnar málefnum. En það man ég, að söluverðið þótti hátt á sínum tíma. Þá vil ég og benda yður á, að lögfræðingurinn fekk því áorkað, að erfðaskráin, sem yður var svo mikill þyrnir í augum 1939, var í raun og veru ógilt, þar sem þér fenguð fullan og óskertan arf eftir föður yðar.

Ég skal geta þess, að ég hefi leitað upplýsinga hjá skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins um það, hvernig standi á því, að skilaboð yðar frá 18. jan. bárust mér ekki. Hefir hann tjáð mér ástæðuna vera þá, að þegar þeir höfðu kynt sér, að stjúpá yðar var ekki dæin, þá töldu þeir skilaboðin til mín um ráðstöfun arfsins ekki eiga við og létu því undan fallast að tilkynna mér.

Sjálfsgagt er, að ég sendi yður innieign yðar hjá mér, hvenær sem þér óskið. Ég lét það þó hjá líða í bili, þangað til ég fæ bein fyrirmæli yðar um ráðstöfun fjárins. Vona ég, að það verði sem fyrst og að þér sendið mér þá fullnaðarkvittun.

Að svo mæltu ítreka ég óskir mínar um alt gott til handa yður og fjölskyldu yðar og kveð

með mikilli virðingu,